



## Reglur fyrir starfsmenn leikskóla vegna styrkja til náms í leikskólakennarafræðum

### 1. gr. Gildissvið

Reglur þessar gilda fyrir starfsfólk leikskóla í Skagafirði sem hyggjast stunda fjarnám í leikskólakennarafræðum.

### 2. gr. Markmið og tilgangur

Markmið með reglum þessum er að fjölga leikskólakennurum og stuðla að hærra menntunarstigi á meðal starfsfólks í leikskólum sveitarfélagsins þannig að 2/3 hlutar starfsmanna séu leikskólakennarar, eins og áskilið er í lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87 /2008.

Tilgangur reglnanna er að efla faglegt starf og auka stöðugleika í starfsmannahaldi í leikskólum sveitarfélagsins.

### 3. gr. Styrkhæft nám

Reglur þessar gilda um styrk til eftirfarandi náms:

- Diplómanám í leikskólafræðum í háskóla, 120 einingar.
- Leikskólakennaranám B.Ed, 180 einingar.
- Leikskólakennarafræði, M.Ed. 120 einingar (veitir rétt til leyfisbréfs).
- Framhaldsnám til M.Ed. fyrir starfandi leikskólakennara, 120 einingar.
- Leikskólalabrá eða sambærilegt nám.
- Meistaránám eða annað nám sem nýtist á starfsvettvangi leikskólanna.

### 4. gr. Styrkþegar og umsóknir

- Umsækjandi skal eiga lögheimili í Skagafirði.
- Umsækjandi skal vera starfsmaður leikskóla í sveitarfélaginu í a.m.k. 50% starfshlutfalli þegar sótt er um styrk.
- Umsækjandi skal að jafnaði hafa a.m.k. tveggja ára starfsreynslu af starfi í leikskóla. Heimilt er leikskólalastjóra að mæla með styttri starfsreynslutíma en tveimur árum í sérstökum tilvikum.

Í umsókn skulu koma fram nákvæmar upplýsingar um fyrirhugað nám, námstíma og starfsferil umsækjanda. Ber umsækjanda að skila staðfestingu um skólavist með umsókninni eða strax og staðfesting liggur fyrir. Sé umsókn staðfest gerir leikskólalastjóri sérstakan samning við viðkomandi, sem gildir á námstíma og á meðan styrkþegi uppfyllir skilyrði um áframhaldandi styrk og stuðning.

### 5. gr. Umsóknarferli

- Umsókn um styrk skal berast leikskólalastjóra eigi síðar en 1. júní ár hvert.
- Umsókn skal vera á þar til gerðu umsóknarblaði sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins.
- Umsögn leikskólalastjóra viðkomandi leikskóla skal liggja fyrir. Í umsögn leikskólalastjóra skal tekið fram hvort líklegt er að leikskólinn geti borið forföll starfsmanns vegna námsins.
- Fræðslustjóri fer yfir umsóknir í samstarfi við mannauðsstjóra og sviðsstjóra sem tekur ákvörðun í samræmi við fjárheimildir hverju sinni.
- Ákvörðun skal liggja fyrir eigi síðar en 15. júní ár hvert.



## 6. gr. Styrkur

Stuðningur er fjölþættur og felst í eftirfarandi:

- a) Aðgangur að vinnuherbergi í leikskólanum með aðgangi að tölvum, prentara og ljósritunarvél eftir að vinnudegi lýkur og um helgar.
- b) Aðgangur að námsveri Farskólans með nettengingu, án endurgjalds.
- c) Aðgangur að fjarfundastofu til að sækja fyrirlestra eftir samkomulagi.
- d) Námsmannaafsláttur í sundlaugum sveitarfélagsins.
- e) Styrkþegi fær greidd dagvinnulaun miðað við starfshlutfall þann tíma sem hann sækir staðbundið nám í viðkomandi skólastofnun. Að jafnaði er að ræða allt að fjórar vikur á ári hverju.
- f) Starfsmaður fær greidd laun frá sveitarfélaginu á meðan á starfsnámi stendur óháð því hvar hann stundar sitt starfsnám.

## 7. gr. Styrktími

Alla jafna er ekki hægt að njóta stuðnings lengur en sem nemur þeim tíma sem gefinn er upp af viðkomandi skólastofnun sem eðlileg námsframvinda, enda sé árangur með eðlilegum hætti.

Styrkþegi skal skila inn upplýsingum um námsframvindu til leikskólastjóra í lok hverrar annar til að njóta áframhaldandi styrks og stuðnings. Ef um ófullnægjandi námsárangur er að ræða falla samningar um styrk úr gildi.

## 8. gr. Skyldur styrkþega

Styrkþegi skuldbindur sig til að starfa við leikskóla sveitarfélagsins Skagafjarðar í a.m.k. tvö ár eftir að námi lýkur í a.m.k. sama starfshlutfalli og hann var í meðan hann naut styrks. Hætti starfsmaður störfum við leikskóla sveitarfélagsins innan áðurnefnds tíma eða ljúki hann ekki námi, hefur sveitarfélagið heimild til þess að krefjast endurgreiðslu.

## 9. gr. Takmarkanir

Fjöldi nema sem njóta stuðnings til náms í leikskólakennarafræðum ræðst m.a. af þörf sveitarfélagsins fyrir faglært starfsfólk í leikskólum sveitarfélagsins á hverjum tíma, fjölda starfsmanna sem hafa hafið nám og sveitarfélagið er nú þegar að styrkja.

Fjöldi nemenda hverju sinni ræðst einnig af því fjármagni sem sveitarstjórn Skagafjarðar ákvarðar á hverju ári í fjárhagsáætlun þess.

Sviðsstjóri getur hafnað styrkumsókn, hátti þannig til að starfsemi leikskólans beri ekki forföll vegna náms starfsmanns.

Njóti nemi styrkja frá öðru sveitarfélagi vegna sama náms á hann ekki rétt á styrk samkvæmt reglum þessum.

## 10. Álitamál

Verði verulegar breytingar á fyrirkomulagi fjarnáms eða á persónulegum högum nema getur sviðsstjóri í umboði sveitarstjórnar veitt frávik frá reglum þessum.

Sveitarstjórn úrskurðar í álitamálum sem upp kunna að koma við framkvæmd þessara reglna.



## **10. Gildistími**

Reglur þessar gilda frá og með samþykkt sveitarstjórnar til 1. júní 2027.

Samþykkt í fræðslunefnd 18. okt 2022 og sveitarstjórn 16. nóv 2022

Málsnr. 2208266